

EFTIRLITSSKÝRSLA

Primex, Siglufirði Siglufjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	31.8.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Primex, Siglufirði	Eftirlitsmaður	Hafdís Inga Ingvarsdóttir
Heimili	Óskarsgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	681197-2819	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Guðný Helga Kristjánsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Rúnar Marteinson	Staðsetning	504514,193 628305,621

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlit komu fram tvö ný frávik er varða gildi sýrustigs og sýrustigsmæli í frárennsli. Eitt eldra frávik var staðfest er varðar lit frá fráveitu.

UMFANG EFTIRLITS

Framleiðsla á kítósani er stöðugt á milli ára og var um 120 tonn árið 2017. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á rekstri fyrirtækisins.

Í eftirlit var frávik frá grein 2.8 í starfsleyfi sem sett var í eftirliti 20. júní 2017 staðfest. Staða fráviksins og úrlausna á því voru rædd.

Til þessa hafa mælingar í frárennsli farið fram þar sem fráveituvatn frá rekstraraðila hefur sameinast fráveituvatni frá öðrum fyrirtækjum. Í sumar var bætt við fráveitu- og mælibrunna við verksmiðjuna og því er nú hægt að að framkvæma mælingar á frárennsli sem er einungis frá rekstraraðila.

Í vikunni áður en eftirlitið fór fram kom í ljós að sýrustigsmælir var bilaður. Rekstraraðili er að bíða eftir nýjum mæli sem verður færður í nýjan brunn þar sem er minna flæði. Ástæðan fyrir því er að vandamál hafa skapast þar sem gamli mælirinn hefur stundum einungis verið að mæla froðu sem safnast hefur efst í bruninn og þá sérstaklega þegar mikið streymi er í brunnum og froðu myndun verið mikil. Í froðunni vilja þær aðstæður skapast að sýrustig er hærra en í vatninu og því hafa mælingar af öllum líkindum gefið skekka mynd af sýrustigi í fráveituvatni. Erfitt að komast að gamla mælinum til þess að sinna viðhaldi, þessir erfiðleikar ættu að heyra sögunni til núna þegar nýr mælir verður tekinn í gagnið. Sýrustigsmælingar sýna að gildin hafa oft farið yfir pH 10 seinasta árið eða sem svarar meiru en 5% af rekstrartíma. Gildin hafa einnig oft farið yfir pH 11,5 sem er hámarks pH gildi sem má vera í frárennsli frá starfsemi.

Eftirlitsaðili sá flutningabíl í eftirliti sem var að flytja rækjuskel frá rækjuvinnslu og átti að fara í vinnslu hjá rekstraraðila. Gámurinn sem skelin var flutti í var yfirbyggður og vel lokaður.

Öryggisblöð eru aðgengilega öllum starfsmönnum í tölvukerfi. Jafnframt hanga upp á nokkrum stöðum í vinnslunni einfaldar leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð við mengunarslysum, þá einkum við leka.

Viðhald og daglegar skráningar fara að mestu í gegnum dagbók verkstjóra. Daglegar og vikulegar skoðanir á búnaði og öðrum þáttum eru í föstum skorðum en aðrar verkátlanir vegna tækjabúnaðar eru gerðar þegar ástæða þykir til, t.d. við bilun mæla.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi hefur verið skilað fyrir árið 2017.

Frávik frá

Gr. 2.9 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Mæld sýrustigsgildi frárennslis frá vinnslunni hafa verið yfir

pH 10 meira en 5% af rekstrartíma seinasta árs en skv. starfsleyfi er það ekki heimilt. Jafnframt hafa mæld gildi oft farið fyrir pH 11,5 sem er ekki heimilt í starfsleyfi. Mögulega skapast þessar aðstæður vegna þess að mælir var illa staðsettur og bilaði síðan, rekstraraðili hefur panta nýjan mæli sem verður betur staðsettur.

Gr. 3.1. í starfsleyfi

Skv. grein 3.1 í starfsleyfi skal rekstraraðili eftirlit með viðhaldi og bilunum í mengunarvarnabúnaði. Nokkrum dögum fyrir eftirlit uppgötvaðist að sýrustigsmælir hafði verið bilaður í einhvern tíma. Búið er að panta nýjan mæli.

ATHUGASEMDIR

Samkvæmt 2.15 í starfsleyfi skal umgengni á rekstrarsvæði vera snyrtileg. Á svæði rekstraraðila er verið að safna upp brotamálmi úr gömulum vélum og öðru sem til fellur, málmarnir verða sóttir til rekstraraðila þegar nógu mikið hefur safnast upp. Bent er á að halda uppsöfninni snyrtilegri og fjarlægja málminn af lóðinni við fyrsta mögulega tækifæri.

ANNAÐ

Viðstödd eftirlitið var einnig Sigríður Vigfúsdóttir framkvæmdastjóri Primex.

Reykjavík, 03.10.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Steinunn Karlsdóttir